

# Reglur um BS-nám í lyfjafræði við lyfjafræðideild Háskóla Íslands

Reglur samþykktar á deildarfundi lyfjafræðideildar 18.12. 2006

Vægi eininga uppfært 1. júlí 2008

Breyting á 4. gr. samþykkt á deildarfundi 16. okt. 2014

Breyting á 4. gr. samþykkt á deildarráðsfundi 16. Júní 2016

## 1. gr. Um námið

Lyfjafræðideild veitir kennslu til BS-prófs í lyfjafræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metnar eru til námseininga (e). Nám í lyfjafræði til BS-prófs jafngildir 180e.

## 2. gr. Inntökuskilyrði og æskilegur undirbúningur

Aðgang að lyfjafræðinámi til BS-prófs hafa þeir sem lokið hafa stúdentsprófi af bóknámsbraut framhaldsskóla. Æskilegt er að ljúka stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með efnafræði sem kjörsvið. Auk þess er mælt með að taka áfanga af kjörsviðum stærðfræði, líffræði og eðlisfræði. Ef nám er stundað á öðrum bóknámsbrautum þ.e. félagsfræða- eða málabraut, er æskilegt að bæta við áföngum sem veita sambærilegan undirbúning í efnafræði og stærðfræði, auk eðlisfræði og líffræði.

## 3. gr. Mat á fyrra háskólanámi

Nemendur sem stundað hafa annað háskólanám geta fengið allt að 120e metnar inn í BS-nám í lyfjafræði. Lyfjafræðideild setur sérreglur um mat á fyrra háskólanámi.

## 4. gr. Námsframvinda

Nemandi skal ljúka 60e af 1. námsári áður en hann hefur nám á 2. námsári eða einstökum þáttum þess. Undanþágur verða metnar út frá námsárangri. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 100 e af 1. og 2. námsári áður en hann hefur nám á 3. námsári eða einstökum þáttum þess

## 5. gr. Hámarkslengd náms

BS-prófi skal lokið ekki seinna en 5 árum eftir að nemandi innritast í námið.

## 6. gr. Einkunnir

Til að standast próf í BS-námi í lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námskeiðum hverri um sig auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar í 5. og 6. mgr. 123. greinar í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

## 7. gr. Skiptinám

Hægt er að fá metin námskeið í skiptinámi til jafns við námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands. Kennari í viðkomandi námskeiði metur það fyrirfram hvort námskeið eru jafngild.

## 8. gr. Lærdómstitlar

Að loknu BS-námi í lyfjafræði hlýtur nemandinn lærdómstitilinn Bachelor of Science in Pharmacy (B.S. Pharm.).

**9. gr. Gildissvið**

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 124. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, með síðari breytingum, og öðlast þær gildi þegar í stað.